

Vélsm. 
Árna Jóns ehf.
Tryggð við byggð
www.arnijon.is

Bæjarblaðið

JÖKULL
SNÆFELLSBÆ

276. tbl - 6. árg.

26. október 2006

 **SPARISJÓÐUR**
Ólafsvík

Sími: 430 7000 - Fax: 430 7001
www.spo.is

Girðingarvinna á Gufuskálum

Í sl viku var girðingin vestan við Gufuskála rifin niður. Hún var sett upp árin 1962 og 1963. Þetta er hluti af endurbótum á henni en hún verður færð til, við þetta opnast svæðið og auðvelt verður fyrir fólk að ganga þar um og láta hugann hvarfla aftur til fortíðar.

Þetta er í sjálfu sér ekki í frásögur færandi nema fyrir þá sök að sami maðurinn tók þátt í að setja hana upp og tók líka þátt í að taka hana niður. Sá sem hér um ræðir er Cýrus Danelússon frá Hellissandi og var hann 81 árs á þessu ári. Þegar Bandaríkjamenn hófu vinnu við að byggja upp aðstöðuna á Gufuskálum árið 1959 með byggingu húsa og að reisa mastrið byrjaði Cýrus að vinna hjá Íslenskum Aðalverktökum en þeir unnu fyrir herinn á þessum árum. Á



þessum tíma unnu alls um 200 manns við þetta verk á Gufuskálum. Að sögn Cýrusar var þetta mjög öflug girðin úr vírneti, staurarnir voru 9 feta langir háir og grafnir vel niður og allt á höndum og púkkað vel með hraungrjóti.

Náði hún umhverfis húsin og möstrin en það stóra var reist árið 1963 og var 412 m og lengi hæsta mannvirki í Evr-

ópu. Cýrus var þá verkstjóri yfir 12 manna vinnuflokki. Cýrus starfaði svo hjá Pósti og síma og eins hjá Amerísku strandgæslunni í rétt tæp 30 ár og var hann heiðraður af þeim eftir 25 ára starfsaldur en stöðin var lögð niður árið 1995. Þó Cýrus sé orðin 81 árs er lítið á honum sjá og grípur oft í verk ef vantar. Með honum við girðingarniðurrifið var Ómar Lúðvíksson trésmíðameistari á Hellissandi.

Það er Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull sem stendur fyrir framkvæmdunum en þær eru unnar samkvæmt skipulagi sem teiknistofan Eik vann.

Áfram er byggt

Fyrir skömmu hófust framkvæmdir við stækkun Miðbrekku í Ólafsvík, við götuna er gert ráð fyrir að byggja 8 hús til viðbótar við þau tvö sem fyrir eru. Í vikunni var hafist handa við að taka grunninn að fyrstu nýbyggingunni og á næstu dögum verður byrjað á öðrum grunni.

Eins og fram hefur komið

í Jökli þá var sótt um nokkrar lóðir í næstu götu fyrir neðan Miðbrekku og sú gata mun fá heitið Fossabrekka.

Heimildir blaðsins herma að á bygginganefndarfundum sem haldinn var s.l. þriðjudag hafi verið sótt um enn fleiri lóðir og jafnvel stærri lóðir en fréttir af því verða að bíða næsta blaðs.


FASTEIGNASALA
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggtur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

LOKAÐ

27. okt - 8. nóv

Prentsmiðjan Steinprent verður lokað

vegna „sumarleyfa“ dagana

27. október - 8. nóvember

að báðum dögum meðtöldum.

Jökull kemur því ekki út fimmtudaginn 2. nóv.

Jökull kemur svo næst út

föstudaginn 10. nóvember



STEINPRENT

Sandholt 22 • Ólafsvík
S: 436 1617 • Fax: 436 1610
Netfang: steinprent@simnet.is

KÆLIVER EHF
Hafliði Sævaldsson GSM: 893-1906
Steinar Vilhjálmsson GSM: 8944310
Súðarvogi 28 S:5874530 - 5303100

Stofnfundur Umhverfissjóðs Snæfellsness



Síðastliðinn föstudag 20. október var haldinn stofnfundur Umhverfissjóðs Snæfellsness og eru það sveitarfélögin á Snæfellsnesi standa að stofnun hans. Frumkvæði að stofnun sjóðsins hefur haft Guðrún Bergmann og fjölskylda hennar. Stofnframlag sjóðsins er minningarsjóður sem stofnaður var um Guðlaug Bergmann framkvæmdastjóra og frumkvöðul sem fæddur var 20. október 1938 og lést þann 27. desember 2004. Markmið sjóðsins er að styrkja ýmis verkefni í umhverfis- og

samfélagsmálum sem byggð eru á grunni sjálfbærrar þróunar í sveitarfélagnum fimm á Snæfellsnesi.

Í stjórn sjóðsins voru kjörnir; Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðingur, Sigríður Finsen forseti bæjarstjórnar Grundarfjarðar og Guðrún Bergmann, framkvæmdastjóri og til vara; Róbert Arnar Stefánsson, forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands, Kristinn Jónason bæjarstjóri Snæfellsbæjar og Ragnhildur Helga Sigurðardóttir, umhverfisfræðingur.



Fiskiðjan Bylgja hf

Sími: 436 1291 · www.bylgja.is · Netf. bylgja@bylgja.is

Bæjarblaðið



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ. Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 800

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is
Sími: 436 1617



AÐALFUNDUR

Aðalfundur Björgunarsveitarinnar Sæbjargar í Ólafsvík verður haldinn sunnudaginn 29. október. Fundurinn verður haldinn í Mettubúð og hefst hann kl. 20:30

Dagskrá fundarins:

- Venjuleg aðalfundarstörf
- Ársreikningar
- Sameiningar umræður
- Kosið um heimild til sameiningar
- Kosning nýrrar stjórnar
- Almennar umræður

Hvetjum alla til að meta.

Heitt verður á könnunni.

Nýliðar eru ávallt velkomnir.

Stefnuskráin er kynnt á heimsíðu björgunarsveitanna í Snæfellsbæ.
www.123.is/bjorgunarsveit

Pólski þjóðhátíðar- dagurinn

Eins og sagt var frá í síðasta töl. Jökul hefur hópur fólks verið að störfum í til efni pólska þjóðhátíðardagsins sem er laugardaginn 11. nóvember. Ákveðið hefur verið að dagskrá með svipuðu sniði og var á sl. ári verði haldin það kvöld í félagsheimilinu Röst á Hell-

issandi. Auglýst verður í næstu viku fyrirkomulag á miðasölu. Þeir sem vilja aðstoða eru vinsamlegast beðnir að hafa samband við Urszulu Zyskowsku í síma 893-6328 og Kasia Stepnyowska sími 861-5688.

PSJ

Aðalflutningar
Öryggi alla leið

Höfum opnað vöruafgreiðslu inni í porti gamla frystihússins

Farið er frá AÐALFLUTNINGUM Skútuvogi 8, Reykjavík kl. 17:00 alla virka daga.

Afgreiðslan er opin frá 08:00 - 16:00.
Síminn er 431 5613, 895 5613, 899 5613



LAUSAGANGA HROSSA

Að gefnu tilefni er rétt að
minna á að
lausaganga hrossa í Snæfellsbæ
er stranglega bönnuð.

Bæjarstjórinn í Snæfellsbæ

Pemadagar

Þessa vikuna, 23. - 27. október, hafa staðið yfir þemadagar í Grunnskóla Snæfellsbæjar, starfsstöðvum norðan Fróðárheiðar. Á þemadögum er skólastarf brotið upp, nemendahópar stokkaðir upp á nýtt og verkefni sem börnin vinna óhefðbundin. Á Hellissandi bera dagarnir yfirskriftina „Hrekkjavikan“. Nemendur hafa þar verið að velta fyrir sér þjóðsögum og alls konar vættum og forynjum þeim tengdum. Foreldrum er boðið að kynna sér afrakstur vinnu barnanna í opnu húsi á Hellissandi milli kl. 10:30 og 12:30 á föstudaginn.

Þemadagar í Ólafsvík hófust á miðvikudag og bera yfirskriftina „Heilsa og hamingja“ og vinna nemendur

verkefni sem tengjast heilsu og hamingju. Á föstudaginn fara nemendur skólans um Ólafsvík og dreifa Hamingjukortum til fyrirtækja. Það gera þau í Hamingjugöngunni sem hefst frá skólanum kl. 10 á föstudaginn. Uppbrot á skólastarfinu sem þessi hafa það markmið að auka á fjölbreytileika náms barnanna og leyfa þeim að nýta hæfileika, sem oft verða útundan við hefðbundið bóknám. Slík verkefni verða vonandi algeng í skólanum, sem stöðugt leitast við að verða betri fyrir börnin í Snæfellsbæ.

Að lokum vill 10. bekkur þakka fyrir frábærar viðtökur við kleinusölu sinni nú nýlega.



KB BANKI

KB-banki hefur opnað þjónustu- og ráðgjafaskrifstofu að Ólafsbraut 34 í Snæfellsbæ, sími 444 8990.

Opið alla þriðjudaga 12.15 - 16.30.

Þakkir frá blakfólki



Fyrirtækin eru þessi
Víkingur/Reynir
Snæfellsbær
HSH
Landsbanki Íslands,
Snæfellsnesi
Valafell ehf.
Sparisjóður Ólafsvíkur
K.G. Fiskverkun
Fiskiðjan Bylgja hf.
Fiskmarkaður Íslands
Deloitte hf.
Kb banki Stykkishólmi
og Grundarfirði
Verslunin Hamrar
Djúpiklettur
Sæból ehf.
Þjónustustofan
Kaffi 59
Krákan
Ragnar og Ásgeir ehf.
Láki ehf
Soffanías Cecilsson hf.
Guðmundur Runólfsson hf
UMF. Grundarfjarðar

VETRARTILBOÐ á KÓPAL innimálningu

30 - 50% afsláttur á



Verðdæmi:

Kópal +10

Kópal Glitru

Kópal Birtu

Kópal loftamálningu

Kópal lofta- og
veggjamálningu

Tilboðin gilda til 31. desember 2006

LITABÚÐIN EHF.
Ólafstraug 55 • 355 Ólafsvík • Sími 436 1313



SNÆFELLSBÆR

Þar sem jökullinn ber við loft...

Fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar og stofnana 2007

Undirbúningur fjárhagsáætlunar Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2007 stendur nú yfir.

Þau félagasamtök sem vilja koma ábendingum og óskum um fjárveitingu á árinu 2007 á framfæri við bæjarstjórn, eru vinsamlega beðin að senda skrifleg erindi þar um fyrir 31. október 2006. Athugið að umsókn þarf að fylgja afrit af síðasta ársreikningi samtakanna.

bæjarritari

Nýtt kjöttílbod hefst á fimmtudögum. Gildir í viku eða á meðan birgðir endast.

Fjöldi annara tilboða sem gilda í 14 daga eða á meðan birgðir endast.

Verslunin Kassinn ehf.
Norðurtanga 1 355 Ólafsvík. Sími 436-1376 fax 436-1346
meil. kassinn@thinverslun.is

Getraunir

Hver röð kostar 10 kr. Ef tippað er hjá okkur fær Víkingur 38% af hverri röð sem tippað er en töluvert minna ef tippað er á öðrum stöðum. Þess vegna hvetjum við fólk til að mæta og vera með.

Ef fólk vill tippa á öðrum tíma en opnunartíma þá er bara að hafa samband við undirritaðan. Til að hægt sé að starta hópleiknum þá

vantar nokkra hópa í viðbót svo hægt sé að byrja leikinn.

Áskorendaleikurinn, áhöfnin á Ólafi Bjarnasyni var með 11 rétta en H H var með 8 rétta. H H skorar á Sólarport. Ópið laugardaga frá 10.30 til 13.00 á Hótel Ólafsvík.

Áfram Víkingur.
Stjáni Tótu.

Smáauglýsingar

Til sölu

vel með farin hillusamstæða, selst á sangjörnu verði. Upplýsingar í síma 848-1505

Til sölu

notuð Siemens lady uppþvottavél. Upplýsingar í síma 825-1119

INGJALDSHÓLSKIRKJA

SUNNUDAGINN 29.OKTÓBER

ÆSKULÝÐSGUÐSPJÓNUSTA

OG


SUNNUDAGASKÓLI KL 11:00

LÉTTIR SÁLMAR, SÖGUR, GLEÐI OG

GAMAN ...

Komum saman í kirkjunni til fyrirbænar og þakkargjörðar.

Sóknarprestur



Skilti risið

Vinna er á fullu skriði við undirbúning vatnsátöppunarverksmiðju í Rífi. Þetta myndarlega skilti er búið að

setja upp á lóð verksmiðjuna og minnir á hvaða starfsemi á að fara þar fram að ári liðnu.



Ólafsvíkurkirkja

Sunnudagaskóli

Sunnudagaskóli nk. sunnudag 29. október kl. 11.00

Tónlistarguðspjónusta

Tónlistarguðspjónusta þarnaesta sunnudag 5. nóvember kl. 14.00. Nánar auglýst síðar.

Hittumst heil


Sóknarprestur





Dvalarheimilið Jaðar

20 ára afmælishátíð!



*Í tilefni 20 ára starfsafmælis
Dvalarheimilisins Jaðars í Ólafspík
verður opið hús á heimilinu n.k. laugardag, 28. október
frá kl. 15 - 17.*

Allir hjartanlega velkomnir!

Vistmenn og starfsfólk Jaðars

